

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 60 1. febrúar 1994,
um ráðstöfun á fódurgjaldi til loðdýraræktar.**

1. gr.

Síðari málsliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af sérstöku fódurgjaldi skal innheimta 1,00 kr. af hverju kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994.**

1. gr.

2. málsliður 1. mgr. 33. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd.

2. gr.

3. málsliður 4. töluliðar 62. gr. B samþykktarinnar orðast svo:

Einnig annast félagsmálaráð verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991.

3. gr.

Við 10. tölulið 62. gr. B samþykktarinnar bætist eftirfarandi málsliður:

Nefndin fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.